

## REGLUGERÐ

### um bann við notkun erfðabreytts fódurs í sauðfjárrækt.

#### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmið reglugerðarinnar er að auka samkeppnishæfni íslenskra sauðfjárafurða.

#### 2. gr.

##### *Erfðabreytt fóður.*

*Erfðabreytt fóður* inniheldur eða samanstendur af erfðabreyttum lífverum eða er framleitt úr eða inniheldur innihaldsefni sem eru framleidd úr erfðabreyttum lífverum.

#### 3. gr.

##### *Notkun.*

Framleiðanda eða umráðamanni sauðfjár er óheimilt að fôðra sauðfé með erfðabreyttu fôðri.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 19. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998, tekur þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. október 2016.*

**Gunnar Bragi Sveinsson**

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Kristján Skarphéðinsson.*

#### **Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.